

An aerial photograph of a coastal landscape. A white lighthouse stands on a dark, rocky cliff edge. To the left of the lighthouse, a small white car is parked on a sandy area. A dirt road runs diagonally across the lower left. The ocean is visible on the right side of the image, with waves crashing against the cliff base.

VÖXTUR OG VELSÆLD
Á NORÐAUSTURHORNINU

2025/júní

Tillaga:

Að stofna hagsmunafélag um innviðauppbýggingu á Norðausturhorninu




Tillagan gengur út á að skapa nýjan samstarfsvettvang fyrir tækja og annarra hagaðila á Norðausturhorninu, allt frá Kelduhverfi til Vopnafjarðar.

Í þeim tilgangi verði stofnuð félagasamtök, sem hafa það hlutverk að koma sameiginlegum hagsmunamálum á framfæri og vinna þannig að vexti og velsæld samfélagsins.

Áhersla verði lögð á uppbyggingu innviða, enda eru öflugir innviðir forsenda áframhaldandi uppbyggingar á svæðinu.

Til að tryggja markvissa hagsmunabaráttu mætti horfa til tveggja megingerða innviða, en það væru (1) orkuinnviðir og (2) innviðir ferðaþjónustu.

66°32'N



016°12'V





ORKUINNVIÐIR



Næg raforka er undirstaða
góðra lífskjara á hverjum stað.

Lélegir innviðir hamla allt í
senn verðmætasköpun, vexti
og velsæld.

Stóraukin flutningsgeta inn á
svæðið er algjör lykilforsenda
annarar uppbyggingar.





INNVIÐIR FERÐAÞJÓNUSTU



Þjóðhagslegt mikilvægi ferðaþjónustu hér á landi hefur aukist til muna samhliða hröðum vexti greinarinnar.

Með auknum fjölda ferðamanna hafa tekjur þjóðarbúsins aukist og ný störf skapast í landinu.

Ferðaþjónusta getur haft jákvæð áhrif á bæði samfélag og menningu, og bætt til muna almennt þjónustustig.

Stofnun þjóðgarðs á utanverðu Langanesi; heilsárs þjónusta á Dettifossvegi; og frekari uppbygging áfangastaða eru meðal verkefna sem mætti horfa til og styðja við.



Hvað er Norðausturhornið?

Á Íslandi eru fleiri horn en aðeins eitt, þótt sú staðreynd vilji stundum gleymast í umræðunni. Norðausturhornið er vel skilgreint svæði sem liggur má segja milli tveggja jökuláa, en það eru *Jökulsá á Fjöllum* og *Jökulsá á Dal*, eða Jökulsá á Brú (Jökla, í munni flestra fyrir austan). Þetta er norðlægasta svæði landsins, en frá nyrstu nesjum að heimskautsbaug eru aðeins þrír kílómetrar. Norðausturhornið er því með sanni heimskautssvæði okkar Íslendinga og náttúran einstök eftir því. Íbúar hafa alla tíð sótt sitt eigið bjargræði, enda svæðið gjöful matarkista þótt vissulega sé það all-harðbýlt víða. Þrátt fyrir að ýmis huglæg landamæri stjórnsýslunnar hafi í gegnum aldirnar skipt svæðinu upp, og geri enn, þá hafa byggðarlögin staðið þétt saman þegar á hefur reynt.

Við eigum einstök fordæmi um slíka samvinnu.

Norðausturhornið mun halda áfram að skapa sér sín bjargráð, enda tækifærin ærin. Mikilvægar auðlindir norðurslóða og opnun þeirra fyrir siglingum hafa valdið því að áhugi alþjóðasamfélagsins á svæðinu hefur aukist umtalsvert. Því til viðbótar má nefna vaxandi ákall hér heima eftir nýjum orkukostum, svo hægt sé að ráðast í full orkuskipti til lands og til sjávar. Til að nýta tækifærin, og mæta þeim verkefnum sem þjóðin þarf að leysa, þá er ljóst að horfa þarf til þróunarinnar með heildstæðum hætti. Við þurfum að fjárfesta í nauðsynlegum innviðum á Norðausturhorninu, enda hefur landshornið því miður setið eftir hvað það varðar - allt of lengi.

Sterkir innviðir eru eina byggðaaðgerðin sem þörf er á!



Hugsanleg aðildarfyrirtæki

Arctic Hydro hf

Árdalur ehf

Bjargið ehf

bremenports GmbH & Co. KG

Brim hf

Ferðapjónustan Síreksstöðum ehf

Finnaðarhöfn GP ehf

Fjallalamb hf

Gistiheimilið Lyngholt ehf

GPG Seafood ehf

Hótel Norðurljós ehf

Hótel Tangi ehf

Ísfélag hf

Kaldvík ehf

Local tours ATV ehf

Qair Ísland ehf

Silfurstjarnan hf

Six Rivers Iceland ehf

wpd Ísland ehf

Þróunarfélag Finnaðarh. ehf

Sveitarfélögin þrjú yrðu ekki beinn aðili að samtökunum en geta stutt við framtakið með einum eða öðrum hætti, sem mikilvægur bandalagsaðili.



NORÐURÞING

Íbúafjöldi (innan svæðis): 511
Sveitarstjóri: Katrín Sigurjónsdóttir
Oddviti: Hjálmar Bogi Hafliðason



nordurthing@nordurthing.is



LANGANESBYGGÐ

Íbúafjöldi: 559
Sveitarstjóri: Björn S. Lárusson
Oddviti: Sigurður Þór Guðmundsson



langanesbyggd@langanesbyggd.is



VOPNAFJARÐARHREPPUR

Íbúafjöldi: 648
Sveitarstjóri: Valdimar O. Hermannsson
Oddviti: Axel Örn Sveinbjörnsson



skrifstofa@vfh.is



Hvernig félagasamtök?



Á fyrsta undirbúningsfundi þarf að skilgreina nánar tilgang félagsins og vinna drög að samþykktum þar af lútandi.

Þá þarf að skilgreina félagsaðild, ræða skipan í stjórn, og fram eftir þeim götunum.

Einnig er nauðsynlegt að ræða annað fyrirkomulag, svo sem hvernig best sé að háttá hagsmunagæslu fyrir svæðið - enda sé það megintilgangur félagsins.

Að endingu hvort gera þurfi ráð fyrir kostnaði, og hvernig honum sé mætt.

Lagt er til að fundurinn verði rafrænn og hann boðaður miðvikudaginn 2. júlí kl. 18:00



*næstu
skref*



takk fyrir!

gunnar@ssne.is

Gunnar Már Gunnarsson

Verkefnisstjóri innviða

Langanesbyggð / SSNE

